

10. maí 2011

Námskrá fyrir almenn ökuréttindi, flokkur B, fólksbifreið/sendibifreið tók gildi 1. febrúar 2010. Hún er unnin í nánú samstarfi Ökukennarafélags Íslands og Umferðarstofu.

Um leið féll úr gildi eldri námskrá sem staðfest var af ráðherra 29. desember 1999.

Ökuskólar og ökukennarar skulu endurskipuleggja kennslu í samræmi við breytingar í námskrá fyrir 1. maí 2010. Lögð er áhersla á að kennslumarkmið séu í samræmi við skipulag námskrár.

- 1. apríl; ökuskólar skulu hafa sent Umferðarstofu endurskoðaðar kennsluáætlanir í samræmi við námskrána
- 1. maí; ökuskólar hefja kennslu í samræmi við kennsluáætlun sem hefur verið yfirfarin og samþykkt af Umferðarstofu

#### **Æfingaakstur með leiðbeinanda**

Kjósi ökunemi að fara í æfingaakstur þarf hann að hafa lokið fyrsta hluta bóklega námsins (Ö1) og u.þ.b. 10 kennslustundum í verklegu námi.

Fjöldi lágmarkstíma er aukinn um leið og gerð er breyting á núverandi skipulagi ökunámsins.

- Bóklegar kennslustundir eru 25 og skiptast í; 12 í Ö1, 10 í Ö2 og 3 í Ö3.
- Kennslustundir í bifreið eru 17 og þar af eru tvær í ökugerði.

#### **Kennsla í ökugerði**

Ökunemi sem hefur nám frá og með 1. janúar 2010 skal ljúka námi í ökugerði. Miðað er við fyrsta verklega ökutíma með ökukennara. Kennsla í ökugerði

- er nefnd Ö3 og felur í sér að lágmarki 3 kennslustundir í stofu og tvær kennslustundir í bifreið
- má ekki fara fram fyrir en ökunemi hefur lokið fyrsta og öðrum hluta bóklegs náms (Ö1 og Ö2) og sem nemur 12 verklegum kennslustundum hjá ökukennara hið minnsta
- er miðuð við að henni sé lokið fyrir verklegt ökupróf, en hún má í undantekningartilvikum fara fram fyrir umsókn um endurnýjun bráðabirgðaskírteinis

Með námskránni eru sett fram námsmarkmið er lúta að sérhæfðri kennslu í ökugerði.

Kennslan felur í sér samþætta bóklega og verklega ökukennsla með því markmiði að auka skilning ökunemans á áhættuþáttum umferðarinnar, s.s. breytilegu veggripi, takmarkaðri mannlegri getu o.fl. Kennslan fer fram í viðurkenndum ökugerðum og er lögð áhersla á að ökuneminn sé virkur í öllu kennsluferlinu. Meginviðfangsefni kennslunnar er eigin reynsla ökunemans af því sem gert er og ályktanir hans í kjölfarið.

Á næstu misserum þurfa ökunemar því ýmist að fullnægja kröfu um að fá kennslu í ökugerði eða ekki, háð því hvenær nám var hafið (fyrsti ökutíminn). Ennfremur geta þeir lokið kennslu í ökugerði fyrir eða eftir ökupróf. Því er nauðsynlegt að setja ákveðnar og einfaldar reglur um lágmarkskennslu ökunema fyrir ökupróf:

#### **Ökupróf**

Áður en próf fer fram á ökunemi að lágmarki að hafa lokið eftirtöldum kennslustundum og náð þekkingar- og færnimarkmiðum námskrárinnar:

**Skriflegt próf:**

1. Ö1: 12 kennslustundir og Ö2: 12 kennslustundir ef námi í ökugerði er ekki lokið eða
2. Ö1: 12 kennslustundir, Ö2: 10 kennslustundir ásamt kennslu í ökugerði (3 kennslustundir í stofu og 2 kennslustundir í bifreið) og
3. 14 ökutímar (þar af tvær í ökugerði ef við á).

**Verklegt próf:**

1. 16 ökutímar ef námi í ökugerði er ekki lokið eða
2. 15 ökutímar ásamt kennslu í ökugerði (3 kennslustundir í stofu og 2 kennslustundir í bifreið).

Sérstök athygli er vakin á kröfu um 14 verklegar kennslustundir fyrir skriflegt próf.